

**Mættir er:** Ólafur Oddur Sigurðsson, Sigmundur Stefánsson, Snær Seljan Þóroddsson, Ingibergur J. Sigurðsson og Svana Hrönn Jóhannsdóttir.

**1. Fundargerð 784 lesin upp og samþykkt**

**2. Aðsent efni Lottó, félagaskipti.**

- **Lottó:** Níunda Lottógreiðsla 111.565 kr.
- **Félagaskipti:** Óðinn Þór Kjartansson (UMFL yfir í Ungmennafélagið Skipaskagi) Lárus Kjartansson (UMFL yfir í Ungmennafélagið Skipaskagi) og David Lundholm (UMS GLIMA yfir í Ungmennafélagið Skipaskagi)

**3. Heimssýning 2010**

- Heimssýning verður haldin í Shanghai í Kína.
- Sýningin stendur frá maí til september.
- Íslendingar hafa þar 500m<sup>2</sup> hús til aflögu.
- Kostnaður við að senda 2-3 glímumenn út, er á bilinu 700.000-900.000 kr.
- Sigmundur leggur fyrir stjórn hvort að áhugi sé fyrir ferðinni og hvort að raunhæft sé að fá verkefnið styrkt.
- Stjórn sammála um að halda verkefninu opnu.

**4. Akranes starfsfólk ofl.**

- Stefdir í fjölmennt mót (47 skráðir í tvo yngstu flokkana).
- Tillaga um að prenta út riðla og flokka á staðnum.

**5. Glímukynning í íþróttalýðháskólanum í Bosei og Gerlev**

- Talað hefur verið við Erling Johansen skólustjóra í íþróttalýðháskólanum í Bosei.
- Hann hefur tekið afar vel í málið og kemur hann til með að sjá um gestina á meðan dvöl stendur.
- David Lundholm og Ólafur Oddur Sigurðsson sjá um kynningu glímunnar fyrir Íslands hönd, ásamt Valdimar Gunnarssyni.

**6. Formannafundur 7. Nóv**

- Verður haldinn klukkan 18:00 í húsi ÍSÍ.
- Fundurinn er í seinna lagi, vegna viðburðarríks dags í glímunni.

#### **7. Glímugráður**

- Eftir síðasta glímuping, hófust umræður um glímugráður.
- Hugmynd tekur mið bæði af Judó og Taikwondo.
- Stjórn tekur afar vel í hugmynd um beltagráður og leggur til að hún verði kynnt sem allra fyrst.

#### **8. Önnur mál**

- Snorri Þór Guðmundsson varaformaður Glímusambandsins á afmæli í dag og óskar Glímusambandið honum til hamingju með daginn.

#### **9. Næsti fundur ákveðin og fundi slitið**

- 4. Nóvember klukkan 18:00

**Snær Seljan Þóroddson**